

# Íslenska 10. b. 2023-2024

## Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Stefnt er að því að nemendur vinni bæði einstaklingslega sem og í fjölbreyttum hópum innan bekkja. Einnig er stefnt að því að hafa sveigjanleika sem mestan í kennsluháttum og laga kennsluna að því sem hentar hverjum hópi og einstökum nemendum. Kenndar verða 4 kennslustundir á viku, 60 mín. í senn. Fjölbreytni í kennsluháttum og virk þátttaka nemenda í náminu verður haft að leiðarljósi. Þótt nemendur vinni á mismunandi hraða verður sama grunnnáms efni fyrir alla en aukalega ýmis verkefni sem dýpka skilning á viðfangsefninu fyrir bráðgera nemendur. Jafnframt verður stuðþjónusta og aðstoð í tímum í boði fyrir þá nemendur sem þurfa.

**Hljóðfræði:** Kennari leggur inn grunnatriði hljóðfræðinnar og staðbundinn framburð. Nemendur vinna verkefni í kennslubók og í google classroom. Farið verður yfir öll verkefni með nemendum.

Lokamat 5%

**Hljóðbreytingar og orðmyndun:** Kennari leggur inn grunnatriði og nemendur vinna verkefni í kennslubók og google classroom. Farið er yfir öll verkefni.

Lokamat 5%

**Stafsetning:** Rifjaðar eru upp allar helstu stafsetningarreglur og nemendur vinna verkefni tengdar þeim. Lögð verður áhersla á að hjálpa nemendum að tengja hugtök málfræðinnar við réttitun. Verkefni eru yfirfarin og nemendur vinna áfram með þau atriði sem þeir hafa ekki náð tökum á.

Lokamat 10%

**Ritun:** Nemendur fá matsblað með hverju verkefni, þar sem skilgreind eru þau atriði sem hafa ber í huga við ritgerðasmíð.

Lokamat 10%

**Upplestur og framsögn:** Rifjaðar verða upp helstu reglur varðandi framsögn, upplestur og líkamsbeitingu. Nemendur lesa upp mismunandi texta, oftast tengda bókmenntalestri og ritun.

Lokamat 15%

**Bókmenntir:** Nemendur lesa heima og vinna verkefni tengd ljóðalestri og textalestri. Nemendur lesa ýmsa bókmenntatexta og vinna verkefni, skriflega eða munnlega, skrifa glósur, hugarkort eða útdrætti, einstaklingslega eða í hópi. Verkefni byggja á hugtökum tengdum bókmenntum. Í tímum er fjallað um ljóð og texta. Hér er átt við umfjöllun og skýringar kennara, fyrirlestra og rökræður nemenda út frá mismunandi sjónarhornum. Farið er yfir öll verkefni. Þessi vinna útheimtir að nemendur geri sér grein fyrir gildi bókmennta, séu gagnrýnir og virkir lesendur og áheyrendur, dragi ályktanir, taki afstöðu, séu óhræddir við að tjá skoðanir sínar og rökstyðja mál sitt. Jafnframt fái þeir áhuga og geti túlkað mismunandi texta og gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og um leið margbreytileika tungunnar (málsniðum). Verkefnavinnan reynir á frumkvæði og samvinnu.

Lokamat eftir hverja bókmenntalotu, samtals 35%

**Orðflokkar:** Nemendur átti sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og geri sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. Lokamat 10%

**Setningafræði:** Markmiðið er að rifja upp og auka skilning nemenda á uppbyggingu íslenskrar tungu, gerð setninga og málsgreina, skiptingu í aðal- og aukasetningar, beinni og óbeinni ræðu svo og eðlilegru og rétri orðaröð.

## Námsáætlun

(Námsáætlun birt með fyrirvara um breytingar)

Tímabil / Viðfangsefni

Hæfniviðmið – Nemandi geti:

ág. – sept.

· Málfræði og stafsetning - Kennslubók í málvísi og ljóðlist eftir Jón Norland bls. 118-132 og verkefni í google classroom. Fengist verður við hljóðfræði og staðbundinn framburð.

· Jafnframt verða unnar æfingar í réttitun og nemendur styrktir í að nýta þekkingu í málfræði til bættrar réttitunar. Námsmat í lokin

· Beitt málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.

· Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af nokkru öryggi og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta

· Beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt

· Ritun 1 - Nemendur fá afhent ritunarhefti með öllum upplýsingum um uppsetningu, byggingu, frágang og framsögn. Nemendur vinna ritunarverkefni 1 í skólanum. Námsmat

#### okt. – des.

· Málfræði og stafsetning út október - Kennslubók í málvísi og ljóðlist eftir Jón Norland bls. 133-149 og verkefni í google classroom fengist verður við hljóðbreytingar og orðmyndun.

· Jafnframt verða unnar æfingar í réttitun og nemendur styrktir í að nýta þekkingu í málfræði til bættrar réttitunar. Námsmat í lokin

· Lestur og bókmenntir - Sterk - afhent í byrjun október. Nemendur lesa bókina heima vinna verkefni og taka lokapróf upp úr miðjum nóvember.

· Ljóðalestur – í nóvember - Kennslubók í málvísi og ljóðlist eftir Jón Norland, bls. 205-230 og verkefni í google classroom. Námsmat í lokin

· Ritun 2, Nemendur vinna ritunarverkefnið í skólanum og fá þjálfun í framsögn í tengslum við verkefnið. Námsmat

#### jan. - mars

· Málfræði og stafsetning - fram í febr. - Kennslubók í málvísi og ljóðlist eftir Jón Norland bls. 8-71: Fengist verður við upprifjun á orðfloknum og beygingarmyndum þeirra. Námsmat í orðfloknum í febrúar.

· Jafnframt verða unnar æfingar í réttitun og nemendur styrktir í að nýta þekkingu í málfræði til bættrar réttitunar.

· Málfræði - í febrúar og út mars. Kennslubók í málvísi og ljóðlist eftir Jón Norland bls. 84-115 og ljóðrit. Fengist verður við grunnatriði í Setningafræði. Námsmat í lok mars.

· Ritun 3, Nemendur vinna ritunarverkefnið í skólanum og þjálfu framsögn í tengslum við verkefnið. Námsmat

#### apr. maí

· Lestur og bókmenntir - Gíslasaga Súrssonar – farið er í efni sögunnar, verkefni, glósur og spurningar úr hverjum kafla. Á heimasíðu skólans / google classroom eru glósur og spurningar. Námsmat í lokin

· Logar – valin verkefni í lok skólaárs

· Beitt málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.

· Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af nokkru öryggi og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta

· Lesið almenna texta, með góðum skilningi og túlkun á efni þeirra.

· Beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt. Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni.

· Beitt málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess. Beitt af nokkru öryggi þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér góða grein fyrir hlutverki þeirra.

· Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af nokkru öryggi og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta

· Beitt málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess

· Beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum, mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt. Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni

· Lesið almenna texta, með góðum skilningi og túlkun á efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.

#### Grunnþættir menntunar

#### Grunnþættir menntunar

#### Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur verði þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í tengslum við verkefnavinnu. Lýðræðisleg vinnubrögð verði æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra nemenda fá að njóta sín.

#### Læsi

Að nemendur vinni með læsi í viðum skilningi og áhersla verði á fjölbreytileika í framsetningu, t.d. myndlæsi og menningarlæsi. Nemendur vinni með fjölbreyttan texta sem stuðlar að auknum orðarforða og málskilningi.

#### Sjálfbærni

Að nemendum sé kennd sjálfbærni í daglegri umgengni í skólanum sem taki til bæði samskipta nemenda við hvert annað og umhverfi sitt. Að nemendur glími við margvísleg álitamál og ágreiningsefni sem upp geta komið.

#### Sköpun

Að nemendur nái að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan hátt og túlka sögur og ljóð. Nemendur vinni við skapandi ritun (sögur og ljóð)

og taki þátt í samræðum (spjallfélagar). Vinni að fjölbreyttum myndverkum við texta sem lesinn er.

#### Jafnrétti

Að nemendur fái að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fái verkefni við hæfi hvers og eins. Nemendur vinni með texta sem tekur á jafnrétti og réttlæti. Nemendur vinni að því að skapa námsumhverfi og verkefni sem byggja á jafnrétti.

#### Heilbrigði og velferð

Að taka mið að þörfum allra nemenda og skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms.

#### Námsmat

Málfræði 30% (hljóðfræði 5%, hljóðbreytingar og orðmyndun 5%, orðflokkagreining 10%, setningafræði 10%)

Bókmenntir 35% (ljóð/ljóðagreining 10%, lesskilningur 5%, Sterk 5%, Gíslasaga 10%, verkefnavinna 5%)

Ritun og framsögn 25% (ritun 10%, framsögn 10%, kynning á hópverkefnum 5%)

Stafsetning 10% (lesnar og ólesnar æfingar, upplestur)

Kennt verður í lotum og staða nemenda könnuð jafnt og þétt á meðan á yfirferð stendur og leitast við að beita fjölbreyttum matsaðferðum s.s. leiðsagnarmati, jafningjamati, sjálfsmati, umræðum og könnunum. Hverri lotu lýkur svo með lokaverkefni.

Enn sem fyrr munu einkunnir gefnar fyrir einstök hæfniviðmið en hæfniviðmið liggja á bak við verkefni nemenda. Nemendur/foreldrar geta séð hvaða hæfniviðmið liggja að baki hverju verkefni þegar farið er inn í námslotur námsgreinarinnar á Mentor. Gefnir verða bókstafirnir A, B, C, D fyrir hæfniviðmiðin en lokið /ólokið fyrir einstök verkefni. Í janúar fá nemendur mat fyrir haustönnina í heild sinni og í maí fá nemendur námsmat fyrir allt skólaárið. Upplýsingar um námsmat- eru birtar með fyrirvara um breytingar

#### Hlutverk og vinnulag nemandans

##### Stefna og reglur námsgreinarinnar:

Samskipti	Gagnkvæm virðing og tillitssemi
Mæting	Nemendur mæti á réttum tíma í kennslustundir
Virgni í tímum	Nemendur nýti kennslustundir og fari eftir fyrir mælum kennara
Skil á verkefnum - sein skil	Nemendur standi skil á allri heimavinnu og skili verkefnum á réttum tíma, áriðandi er að nýta sér upplýsingar í Mentor
Ritstuldur	Nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð og skrifi ekki upp eftir öðrum
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	Stafsetningarorðabækur, efni á netinu: bin.is, nams.is, malbjorg.is og glósur á heimasíðu skólans
Skyldur nemenda	Nemendur stundi námið af samviskusemi
Skyldur kennara	Kennarar miðla þekkingu, aðstoða og hvetja nemendur
Stoðþjónusta nemenda	Sérkennarar, stuðningsfulltrúar og námsráðgjafi